

Minnisblað

Til: Skóla-, íþrótt- og tómstundanefndar
Frá: Dagnýju Finnbjörnsdóttur
Dags. 27. febrúar 2024
Mnr. 2023110183



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað – Reglur Ísafjarðarbæjar um styrkveitingu og úthlutun tíma í íþróttamannvirkjum og íþróttasvæðum til íþróttafélaga og almennings

Drög af úthlutunarreglum voru lagðar fyrir 247. fund íþrótt- og tómstundanefnda 29.nóvember 2023. Íþrótt- og tómstundanefnd fól starfsmanni að kalla eftir umsögnum um reglurnar frá forstöðumönnum og þeim íþróttafélögum sem nota íþróttamannvirki og íþróttasvæði í Ísafjarðarbæ.

Þær athugasemdir sem bárust voru:

í grein 3.2. Forgangur - Ísafjarðarbær hefur forgang að notkun íþróttamannvirkja á skólatíma fyrir nemendur leik og grunnskóla. Athugasemdin snýr að því að leik-, grunn og framhaldsskólar hafi forgang til 14:00 á daginn.

Í grein 3.6. framsal og endurúthlutun – Aðildarfélögum HSV er ekki heimilt að framselja úthlutuðum æfingatímum til annarra félaga eða einstaklinga. Forstöðumanni íþróttamannvirkis er heimilt að endurúthluta þeim tímum sem eru vannýttir eða ónotaðir í samvinnu við framkvæmdastjóra HSV. Spurning sett við þessa grein um hvort að íþróttafélög geti lánað tímana sína áfram ef fyrirséð er að tíminn verði ekki nýttur. Fyrirkomulagið er nú þegar með þeim hætti en það er mikilvægt að starfsfólk sé upplýst um skiptingu tíma.

Aðrar athugasemdir sneru að því að núna er starfandi íþrótt- og æskulýðsfulltrúi sem mun taka við umsóknum í stað framkvæmdastjóra HSV. Því hefur verið breytt í nýjum drögum.

DF